

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Gauts Sturlusonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. (370. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér lögfestingu ákvæðis um strandveiðar í lög um stjórn fiskveiða.

Miklar deilur hafa ávallt ríkt um hvernig haga skuli fiskveiðum á íslenskum fiskistofni og hvort það kvótakerfi sem er nú við lýði sé hentugasta leiðin. Núverandi stjórnvöld hafa beitt sér gegn núverandi fyrirkomulagi og reynt að knýja fram breytingar á því. Hugmyndir stjórnvalda um fyrningar aflaheimilda bera því ágætt vitni. Þær strandveiðar sem fyrirbyggjandi frumvarp mælir fyrir um eru af sama meiði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að bráðabirgðaákvæði um strandveiðar sem var sett í tilraunarskyni á síðasta ári verði lögfest í gildandi lög um stjórn fiskveiða. Bráðabirgðaákvæðið sem sett var með lögum nr. 66/2009 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða var sett til reynslu fyrir fiskveiðiárið 2008/2009. Kvað það ákvæði á um heimild til að veiða 3.955 lestir á handfæri sem ekki reiknast til aflamarks eða krókaaflamarks.

Verði frumvarp þetta að lögum er fastsett vegna strandveiða ákveðin aflaheimild óháð úthlutuðum heildarafla hvers árs. Hér er ekki gætt jafnræðis meðal veiðimanna sem starfa í núverandi kvótakerfi og þeirra sem undir strandveiðar falla. Skerðing á heildarafla kemur niður á þeim sem vinna inna kvótakerfisins, en enginn skerðing kemur til vegna strandveiða, því sú aflaheimild er ákeðin í lögum 6.000 lestir. Aflaheimild sem er úthlutað til strandveiða er dreginn frá heildarafla hvers árs skv. 22. gr. laganna og 2. gr. frumvarpsins. Verði þetta frumvarp að lögum vill Viðskiptaráð ítreka fyrri ályktun sína þar sem lagt var til að strandveiðar verði ekki reiknaðar til aflamarks og muni ekki hafa áhrif á heildar úthlutun.

Rökstuðning skortir í greinargerð með frumvarpinu afhverju miðað er við 6000 lestir sem hámarksafla fyrir strandveiðar. Hér er um töluverða aukningu að ræða frá því bráðabirgðaákvæði sem áður gildi, en þar var kveðið á um 3.955 lestir. Ekki er vísað til gagna í greinargerð með frumvarpinu til stuðnings þessari ákvörðun og þarfnast hún frekari röksemdafærslu.

Ekki verður séð að með því fyrirkomulagi sem strandveiðar bjóða uppá sé stuðlað að hámarksáfla verðmæta. Lagt er í aukinn kostnað við að sækja sama magn/verðmæti, sem kemur niður á framleiðni og hefur neikvæð áhrif á umhverfið. Þegar kemur að strandveiðum bíður fyrirkomulag úthlutunar upp á að aðilar keppist við að veiða sem mest á sem stystum tíma svo ekki verði úthlutað til annarra aðila. Þetta kemur af augljósum ástæðum niður á gæði afla og kemur með öllu í veg fyrir að veiðar geti verið skipulagðar með það að leiðarljósi að hámarka verðmæli eða nýtingu.

Þess er getið í ofangreindu frumvarpi að nokkuð almenn ánægja hafi verið um fyrirkomulag veiða meðal þeirra sem úttekt Háskóla­seturs Vestfjarða náði til. Sérstaklega skal gera athugasemd við það að úttekt Háskóla­seturs náði einungis til þeirra sem strandveiðar höfðu stundað og þá aðeins til 18% þeirra. Ekki var leitað á­lits hjá öðrum þeim er veiðar stunda og verða hugsanlega fyrir áhrifum af þeim veiðum í atvinnu sinni. Það er því hægt að deila um hversu marktæk niðurstaða Háskóla­seturs sé þegar á heildina er litið þar sem ekki var litið til sjónarmiða fleiri aðila.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands